



Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:

María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018

Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111

Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126

Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 800-4040.

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 22. mars 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heil síða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
11. tbl. 8. árg. Miðvikudagur. 15. mars 2017

Íbúar og aðdáendur Raufarhafnar athugið!

Föstudagskvöldið næstkomandi, þann 17. mars 2017 verður fundur á Félaganum Bar vegna verksins „Síðasta kvöldmáltíðin“. Fundurinn hefst klukkan 20:00.

Aðstandendur verksins vilja hitta íbúa til að fá þeirra innsýn inn í lífið á Raufarhöfn og hvernig þeir meta gott líf. Þeir sem mæta fá að vita meira um verkið og munu leggja sitt af mörkum við að verkið verði að veruleika. Í leiðinni styðja þátttakendur Félagsheimilið Hnitbjörg en hluti styrkfjár vegna verksins verður nýttur í úrbætur á húsinu.

Lýsing frá aðstandendum verksins

„Síðasta kvöldmáltíðin“ er upplifunarganga sem leiðir áhorfandann til móts við eigin lífsgildi og lífsstíl um leið og það beinir sjónum að samfélagslegum álitamálum.

Verkið er flutt á fjórum stöðum á Íslandi á **Föstudaginn Langa** eða **Skírdag**, á Raufarhöfn, Keflavík, Höfn í Hornafirði og Bolungarvík. Verkin verða opin öllum endurgjaldslaust og eru opin frá sólarupprás til sólarlags.

Verkin fjögur eru unnin í nánu samstarfi við íbúa í hverju byggðarlagi þar sem þau eru flutt og taka útgangspunkt í þeirra lífi.

Kveðja, Silja Jóhannesdóttir





Norðurþing auglýsir eftir framboðum og tillögum um einstaklinga í hverfisráð sveitarfélagsins

Sveitarstjórn Norðurþings hefur samþykkt að stofna hverfisráð. Hverfisráð eru starfrækt í sveitarfélögum víða um land og eru til þess hugsuð að auka íbúalýðræði. Í Norðurþingi munu hverfisráð starfa á Raufarhöfn, Kópaskeri, í Kelduhverfi og Reykjahverfi. Markmið þeirra eru m.a. að

- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði.
- Að vera vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs á sínu nærsvæði og sveitarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Norðurþings innan viðkomandi svæðis.
- Að gera tillögur til byggðarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis/hverfis.
- Að stuðla að hvers konar samstarfi innan svæðis.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs á sínum svæðum.
- Að tengja stjórnkerfi sveitarfélagsins betur íbúum þess og nýta þekkingu þeirra á sínu nánasta umhverfi.

Nánar má lesa um samþykktir hverfisráða á vef Norðurþings.

<http://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/nefndir-og-rad>



Handverk og hönnun

Markaðssetning og verðlagning

Seigla – miðstöð sköpunar, laugardaginn 18. mars 2017

kl. 11:00-13:30

Dagskrá:

Hugmynd – hönnun - vara

Birna Kristín Friðriksdóttir hönnuður og eigandi Gjósku segir frá reynslu sinni af tilurð Gjósku, helstu hindrunum og gefur góð ráð.

Markaðssetning og verðlagning handverks og hönnunar

Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar

Tengslanet – Vefsíða Creative Momentum

Hulda Jónsdóttir verkefnastjóri Creative Momentum

Þátttaka á málþinginu er endurgjaldslaus en skráning fer fram á netfanginu: anita@thingeyjarsveit.is

Viðburðurinn er samstarf *Seiglu – miðstöð sköpunar* og Norðurslóðaverkefnisins *Creative Momentum* sem er á vegum Eyþings. Seigla er eitt af skapandi rýmum (Creative spaces) sem taka þátt í verkefninu.

Sunneva Hafsteinsdóttir býður upp á ráðgjafaviðtöl að lokinni dagskrá. Tilgreina þarf við skráningu hvort óskað er eftir ráðgjafaviðtali.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig á vefsíðu Creative Momentum (MyCreativeEdge) geta óskað eftir aðstoð við skráningu na að lokinni dagskrá. Tilgreina þarf við skráningu ef óskað er eftir slíkri aðstoð.

Viðburðurinn er tekinn upp og verður aðgengilegur á heimasíðu Creative Momentum



OPINN STJÓRN MÁLAFUNDUR V - LISTANS Í NORÐURÞINGI

FIMMTUDAGINN 16. MARS
KLUKKAN 20:00

GRUNNSKÓLINN
Í LUNDI



ALLIR VELKOMNIR

V - LISTINN NORÐURÞINGI

Norðurþing auglýsir hér með eftir framboðum og tillögum um einstaklinga í hverfisráðin. Gjaldgengir fulltrúar í hverfisráð eru allir einstaklingar 18 ára og eldri sem hafa lögheimili á nærsvæði viðkomandi hverfis í sveitarfélaginu. Sérstaklega er leitað til íbúasamtaka og/eða -félaga og þau hvött til að koma með tillögur og/eða hugmyndir, til að ráðin nýtist sem best til að styðja við og efla starfsemi slíkra samtaka. Greidd verður þóknun fyrir fundarsetu fulltrúa í hverfisráðum. Nauðsynlegt er við val á fulltrúum í hverfisráð, að horft verði til fjölbreytileika sem endurspeglar samfélagið, þ.m.t. með tilliti til kynferðis, aldurs, uppruna og annarra samfélagsþátta.

Tillögur um einstaklinga í hverfisráð berist skriflega á netfangið hverfisrad@nordurthing.is eða á skrifstofur Norðurþings
FYRIR KL. 12:00 FÖSTUDAGINN 31. MARS 2017.



Þínar þarfir - okkar þjónusta

Nýr umboðsaðili á Þórshöfn

Bíla- og vélaverkstæðið Mótorhaus hefur tekið við umboði fyrir Bílaleigu Akureyrar á Þórshöfn.

Mótorhaus, Stórholti 6, 680 Þórshöfn.
Þjónustusími bílaleigu: 840-6078

Bílaleigubílar heima og erlendis • Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is



Land fyrir stafni!

Aðalfundur Ferðafélagsins Norðurslóðar

Aðalfundur Ferðafélagsins Norðurslóðar verður haldinn í Kaupfélaginu á Raufarhöfn, laugardaginn 18. mars nk.

Fyrir fundinn verður gengin stutt ganga í nágrenni Raufarhafnar.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, þ.e. ársskýrsla og reikningar, inntaka nýrra félaga, lagabreytingar, kosningar og önnur mál.

Ferðaáætlun 2017 verður kynnt og sýndar myndir úr ferðum síðasta árs.

Kaffi og með því í boði félagsins.

Mæting í göngu við Kaupfélagið kl. 15:00, fundurinn hefst kl. 16:00.

Fundurinn er öllum opin, allir eru hjartanlega velkomnir og enginn lendir í stjórn ef hann vill það ekki ☺

Kaupfélagið á Raufarhöfn er veitingahús, kaffihús og gallerí við Aðalgötu 24.



Tónleikar í fræðasetri um forystufé

Miðvikudaginn 22. marsverður Ragnar Jón Grétarsson tónlistarkennari með tónleika í Fræðasetri um forystufé kl. 20:00.

Hann mun syngja og spila eigin tónlist.

Frítt er inn á tónleikana.

Kaffihúsið opið á eftir.



Ég veit þú kemur!

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims
verður í Ýdölum Aðaldal 25.mars kl. 20,30.

Stjórnandi kórsins er Steinþór Þráinsson,
undirleikari er Steinunn Halldórsdóttir.

Gestasöngvarar eru Margrét Eir og Gissur Páll Gissurarson
og fagnaðarstjóri er Viðar Guðmundsson.

Söngur, gleði, veislukaffi og dans á eftir.

MIÐAVERÐ 5.000 KR.

Miðapantanir hjá Árna 893 9596, Bensa 866 6392 og Sigga 892 3955.

Forsala aðgöngumiða hefst 16. mars
hjá Hársnyristofunni Toppnum á Húsavík s. 464 2131
og Dalakofanum á Laugum s. 464 3344.

KARLAKÓRINN HREIMUR



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



EYPING
SAMANAN VORSTAFTELING
EYKUNINGU OG VORSTAFTELING



NÖRÐURÞING

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til verkefna í tengslum við verkefnið „Öxarfjörður í sókn“ 2017

Verkefnisstjórn í „Öxarfjörður í sókn“ auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki í verkefni sem falla að áherslum ofangreinds verkefnis.

Þrennt ber að hafa í huga við umsókn:

- Kynnið ykkur markmið og áherslur styrkjaúthlutana í Brothættum byggðum, http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklysings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf
- Kynnið ykkur áherslur og markmið verkefnisins, http://www.atthing.is/samstarfsverkefni/brothaettar-byggdir/oxarfjordur-i-sokn/framtidasyn_maginmarkmid_starfsmarkmid_oxarfjordur/
- Notist við sniðmát fyrir umsóknir, <http://www.atthing.is/samstarfsverkefni/brothaettar-byggdir/oxarfjordur-i-sokn/>.

Athugið að ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda en það styrkir umsókn ef verkefnið laðar fram krafta aðstandenda verkefnisins og/eða leiðir til samstarfs aðila sem að jafnaði starfa ekki saman.

Umsóknum um styrki skal skilað á tölvutæku formi, á netfangið silja@atthing.is fyrir klukkan 09:00, miðvikudaginn 29. mars 2017.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Silja Jóhannesdóttir verkefnisstjóri í síma 8661775 eða á netfanginu silja@atthing.is.

Öxarfjörður í sókn - Brothættar byggðir

Rökkurkórinn í Skagafirði:

„Ég vil fara upp í sveit“

Kórinn leggur land undir fót og verður með tónleika í Skúlagarði laugardagskvöldið 18. mars kl 20:30.

Kórinn flytur dagskrá í bundnu og óbundnu máli sem fjallar um sveitarómantúkuna og ber yfirskriftina *Ég vil fara upp í sveit*.

Stjórnandi og undirleikari, Thomas R Higgeson

Höfundur texta milli laga, Björg Baldursdóttir

Inngangur er 2.500.- ekki tekið við kortum. Vöfflur og kaffi í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kórfélagar

